



# Skýrsla stjórnar

Lögð fram á aðalfundi FNS 3. maí 2019

# Skýrsla stjórnar Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 3. maí 2019

## Dagskrá aðalfundar skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Nefndarstörf
6. Umræður og afgreiðsla mála
7. Kosning stjórnar, fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar, upplýsingar- og kynningarnefndar og fagráða
8. Önnur mál

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa 2018 var haldinn í sal Mímis að Öldugötu þann 9. maí. Fundarstjóri var Helga Lind Hjartardóttir og fundarritari Svanhildur Svavarsdóttir. Um var að ræða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt ofangreindri dagskrá auk þess sem fráfarandi meðlimum stjórnar og nefnda voru færðar þakkir. Að fundi loknum var boðið upp á léttar veitingar og skemmtiatriði.

Ingibjörg Kristinsdóttir, Framvegis, lét af störfum sem formaður. Helga Tryggvadóttir Framvegis, sem áður sat í stjórn var kjörinn formaður. Margrét Björk Arnardóttir Háskólasetur Vestfjarða, Helga Lind Hjartardóttir Mími, Hildur Katrín Rafnsdóttir HR, Sigríður Sigurðardóttir Varmárskóla og Svanhildur Svavarsdóttir FMOS voru endurkjörnar í stjórn. Klara Guðbrandsdóttir FSU, var kjörin ný í stjórn. Ingibjörg Kristinsdóttir var sú eina sem gekk úr stjórn og fær hún kærar þakkir fyrir sitt farlag til félagsins.

Björg Ýr Grétarsdóttir Hörðuvallaskóla og Sigrún Fjelsted Sveinsdóttir FÁ gáfu kost á sér áfram í fræðslunefnd. Auk þeirra hlutu kosningu Inga Berg Gísladóttir HÍ, Gréta Jessen Langholtsskóla og Anna Monika Arnórsdóttir VMST. Úr fræðslunefnd gengu Berglind Helga Verslunarskóla, Ragnhildur Ísleifs Ólafs VMST og Sandra Hlín Guðmundsdóttir Borgarholtsskóla.

Stjórn og fræðslunefnd eru færðar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk í FNS og vinna ötult og öflugt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar. Félagið er fólk, og starfsemin stendur og fellur með þátttöku sem flestra félagsmanna í nefndum, ráðum og starfshópum innan FNS. Með virkni og áhuga er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrir og að hagsmunum

félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Það skiptir því miklu máli að takist að manna nefndir og ráð félagsins.

Aðrar nefndir og ráð FNS starfsárið 2018-2019 voru skipuð eftirfarandi félagsmönnum og fá þeir kærar þakkir fyrir þeirra störf:

- Fagráð grunnskóla: Kristín Hrefna Leifsdóttir Sæmundarskóla, Fríða Hrönn Halldórsdóttir Grunnskóla Vestmannaeyja, Hildur Ingólfssdóttir Dalskóla og Sigríður Sigurðardóttir sem fulltrúi stjórnar.
- Fagráð framhaldsskóla: Kristín Birna Jónasdóttir Borgarholtsskóla, Svanhildur Svavarsdóttir FMOS sem fulltrúi stjórnar.
- Fagráð Háskóla: Aðalbjörg Guðmundsdóttir HÍ.
- Fagráð atvinnulífs: Anna Lóa Ólafsdóttir VIRK, Jónína Magnúsdóttir MSS og Helga Lind Hjartardóttir Míni sem fulltrúi stjórnar.
- Siðanefnd: Jónína Kárdal HÍ, Fríða Hrönn Halldórsdóttir Grunnskóla Vestmannaeyja og Hildur Ingólfssdóttir Dalskóla.
- Upplýsinga- og kynningarnefnd: Sigríður Sigurðardóttir Varmárskóla, Fjóla María Lárusdóttir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Ingibjörg Kristinsdóttir Framvegis.
- Nefnd um norrænt samstarf: Margrét Björk Arnardóttir Háskólasetri Vestfjarða fulltrúi stjórnar FNS í NFSY (norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa) og formaður NFSY, Ásthildur Guðlaugsdóttir Kársnesskóla, Dagný Broddadóttir FG, Elísabet Pétursdóttir gjaldkeri Kópavogsskóla, Ingibjörg Bragadóttir Salaskóla og Ketill Jósefsson VMST.
- Starfshópur vegna stefnumótunar FNS: Ingibjörg Kristinsdóttir Framvegis formaður hópsins, Helga Tryggvadóttir Framvegis, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Sigríður María Tómasdóttir Kvennaskólinn/HR og Kolbrún Vilhjálmssdóttir Grunnskólinn í Hveragerði.

## 1. Meginviðfangsefni stjórnar FNS

### Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi stjórnar var tekin ákvörðun um að ábyrgðarhlutverk hvers stjórnarmeðlims yrðu óbreytt að því undanskildu að Helga Tryggvadóttir tók við sem formaður og situr í starfshóp um stefnumótun FNS. Helga Lind Hjartardóttir sér um félagatal og er fulltrúi stjórnar í fagráði atvinnulífs, Hildur Katrín Rafnsdóttir gjaldkeri, Margrét Björk Arnardóttir fulltrúi stjórnar í NFSY, Sigríður Sigurðardóttir vefumsjón, fulltrúi stjórnar í upplýsinga- og kynningarnefnd og í fagráði grunnskóla, Svanhildur Svavarsdóttir ritari og fulltrúi í fagráði framhaldsskóla, Klara Guðbrandsdóttir er meðstjórnandi.

Stjórnin hélt átta fundi á árinu og var fyrsti fundur í júní 2018. Fyrsta stóra verkefni stjórnarinnar var að boða nefndir og ráð á fund í ágúst. Þar var farið yfir hlutverk hvernar nefndar og ráðs auk laga FNS. Í kjölfarið funduðu einingarnar hver og fyrir sig og lögðu línurnar

fyrir starfsemi komandi starfsárs. Þetta fyrirkomulag er vel til fundið þar sem allir þeir sem eru í embættum hjá félaginu hafa tækifæri til að hittast, spjalla, bera saman bækur og samræma starfsemi félagsins eftir þörfum.

Stjórnin nýtir tæknina við starfsemina og á milli funda er stjórnin í samskiptum bæði í tölvupósti og í lokuðum hópi á Facebook. Auk þess eru stjórnarmeðlimir oft í fjarfundi þegar þeir eiga ekki heimangengt. Stjórnin nýtir Google drive bæði í vinnu og sem skjalageymslu. Samskipti stjórnar við nefndir og ráð fara að mestu fram í tölvupósti og í Facebook hópum. Einnig hafa fulltrúar fræslunefndar og nefndar um stefnumótun mætt á stjórnarfundi til upplýsinga og skrafs og ráðagerða. Þess má geta að í flestum tilfellum situr fulltrúi stjórnar í nefndum sem gerir það að verkum að aukin samfella verður í starfinu og samskipti verða auðveld. Fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins.

### **Megin viðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári:**

- Dagur náms- og starfsráðgjafar.
- Samstarf við Verkiðn varðandi sýninguna Mín Framtíð.
- Ýmis stefnumótun.
- Umsóknir um styrki til FNS og félaga í FNS.
- Þátttaka í norrænu samstarfi.
- Félagatal og umsóknir um félagsaðild FNS.
- Flutningur félagatals til KÍ.
- Samstarf við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf.
- Samstarf við KÍ.
- Samstarf við Endurmenntun HÍ.
- Samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar og fagráða.
- Viðbrögð við fyrirspurnum frá ofangreindum samstarfsaðilum, félögum í FNS og öðrum sem viðkoma náms- og starfsráðgjöf.

## **2. Endurmenntun félagsmanna**

Samkvæmt lögum FNS er eitt af meginhlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Mikilvægt er að hver og einn félagsmaður sé vakandi yfir þörf sinni fyrir endurmenntun, miðli þekkingu og færni og stuðli þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan stéttarinnar.

Auk viðburða sem fræðslunefnd og fagráð hafa staðið fyrir hefur félögum FNS staðið til boða að sækja valin námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Félagsmönnum hefur jafnframt boðist afsláttur af öðrum námskeiðum stofnunarinnar. Ferð félagsmanna á ráðstefnu IAEVG

má einnig telja sem lið í endurmenntun, þar sem tæplega 40 sóttu ráðstefnuna og kom stjórn FNS að utanumhaldi ferðarinnar.

### **3. Fræðsludagskrá FNS 2018 til 2019**

Fræðslunefnd félagsins hefur ákaflega mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að endurmenntun félagsmanna og skipuleggur hún m.a. Dag náms- og starfsráðgjafar í samvinnu við stjórn félagsins. Alls stóð nefndin að sex viðburðum á starfsárinu og hér á eftir fer greinargerð nefndarinnar.

#### **24. september. Steinunn Anna sálfræðingur hjá Litlu Kvíðameðferðarstöðinni**

Fyrsti viðburður á vegum fræðslunefndar var mánudaginn 24. september. Boðið var upp á fyrirlestur í Fjölbrautaskólanum við Ármúla undir yfirskriftinni *Fyrsta hjálp við kvíða*. Viðburðurinn var mjög vel sóttur, en um 40 mættu. Steinunn Anna sálfræðingur hélt fræðandi erindi þar sem hún byrjaði á því að fjalla um algengar kvíðaraskanir og óskaði síðan eftir því að fá spurningar/reynslusögur af vettvangi náms- og starfsráðgjafa. Af nógu var að taka, m.a. gaf hún leiðbeiningar um hvernig best væri að aðstoða einstaklinga í kvíðakasti, velti fyrir sér hvort sérúrræði í prófum væru gagnleg og svo mætti lengi telja. Hún lagði áherslu á að mikilvægt væri að gera nemendum grein fyrir því að munur væri á að finna fyrir kvíða (sem getur verið gagnlegur í námi) og kvíðaröskunum. Að því sögðu er mikilvægt að náms- og starfsráðgjafar skoði hvort kvíði nemenda sé klínískur vandi sem þarfnast meðferðar sálfræðings eða hvort um eðlilegan kvíða sé að ræða. Óhætt er að segja að viðburðurinn hafi verið mjög hagnýtur og allir farið heim með aukna þekkingu á kvíða og kvíðaröskunum.

#### **9. nóvember. Dagur náms- og starfsráðgjafar**

Þann 20. október er Dagur náms- og starfsráðgjafar, en dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur árið 2006. Á þessum degi eru félagsmenn hvattir til að kynna störf sín, birta greinar, senda út heilræði eða gera eitthvað til að minna á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar. Markmið þessa dags er annars vegar til að kynna náms- og starfsráðgjöf fyrir almenningi og stjórnvöldum og hins vegar til að skapa vettvang til að sameina og efla náms- og starfsráðgjafa.

Að þessu sinni er var haldið upp á daginn með ráðstefnu á Hótel Natura 9. nóvember. Yfirskrift dagsins var „Í kulda og trekki, eða ekki?“ og þemað var kulnun. Markmiðið með viðburðinum var að félagsmenn fengju fræðslu um hugtakið kulnun, auk þess að fá í hendurnar aðferðir sem hægt væri að nota bæði til að styrkja sig persónulega í starfi og til að nýta með ráðþegum. Ráðstefnan var mjög vel sótt, en rúmlega 100 félagsmenn mættu, enda er þetta tilvalinn vettvangur til að hittast, fræðast og njóta samveru. Fundarstjóri var Inga Berg Gísladóttir, náms- og starfsráðgjafi í Háskóla Íslands.

Helga Tryggvadóttir formaður félagsins setti ráðstefnuna og bauð gesti velkomna. Anna Lóa Ólafsdóttir náms- og starfsráðgjafi hjá Virk fjallaði svo um hugtakið kulnun, einkenni þess, mikilvægi sjálfsþekkingar og hvernig við getum áttað okkur á rauðu ljósunum þegar þau fara að blikka. Umfjöllun Önnu Lóu var lífleg og skemmtileg og frábært að geta nýtt krafta okkar eigin félagsmanna til að deila sinni þekkingu og sérhæfingu á degi sem þessum.

Að loknu kaffihléi kom Erna Stefánsdóttir sem starfar hjá Streituskólanum og fjallaði um hvernig streita getur verið dulinn skaðvaldur og komið niður á geð-, líkams- og félagsheilsu fólks auk áhrifa á vinnustaðinn. Í framhaldinu sagði Guðlaug Svala Steinunnar- Kristjánsdóttir okkur reynslusögu sína af kulnun. Sagan hennar var mjög átakanleg, en um leið fróðleg og mikilvægt fyrir þátttakendur að fá innsýn inn í reynslu einstaklings af kulnun. Maríu Dóru Björnsdóttur, deildarstjóra Náms- og starfsráðgjafar við Háskóla Íslands var að því loknu veitt viðurkenning fyrir vel unnin störf í þágu fagsins, en hún er fyrst til að ljúka doktorsprófi í náms- og starfsráðgjöf frá námsbraut í náms- og starfsráðgjöf við HÍ.

Eftir ljúffengan hádegisverð, þar sem félagsmönnum gafst einnig mikilvægt tækifæri til að rækta tengslin og njóta stundarinnar með kollegum, var Elmar Hallgríms Hallgrímsson frá Dale Carnegie með vinnustofu tengda streitu og kulnun. Hann fjallaði sjálfur um viðfangsefnin en lagði einnig nokkur stutt verkefni fyrir sem leyst voru í litlum hópum.

Í lok ráðstefnu fjallaði Margrét Arnardóttir formaður NFSY um alþjóðlegt samstarf sem FNS tekur þátt í. Hún hvatti félagsmenn til að nýta sér alþjóðlegt tengslanet innan félagsins. Auk þess fjallaði hún um nýafstaðna ráðstefnu IAEVG í Gautaborg, sem hópur félagsmanna sótti. Systa Sigurðardóttir tók svo til máls sem fulltrúi í Upplýsinga- og kynninganefndar félagsins og minnti á það kynningarefni sem til er hjá félaginu og hvatti félagsmenn til að nýta sér það.

Vel heppnaðri og skemmtilegri ráðstefnu þar sem haldið var upp á Dag náms- og starfsráðgjafar var svo slitið með stórskemmtilegu uppstandi Bjarkar Jakobsdóttur. Hún náði svo sannarlega að koma salnum til að hlægja. Boðið var upp á léttar veitingar að lokinni dagskrá.

## **7. des. Jólahugvekja í Gerðarsafni, séra Ólafur Jóhann sóknarprestur í Seljakirkju**

Í desember var haldin jólahugvekja í Gerðarsafni í Kópavogi þar sem séra Ólafur Jóhann sóknarprestur í Seljakirkju talaði til hópsins og flutti vel heppnaða jólahugvekju. Rætt var um jólahefðir þá og nú, auk þess sem Ólafur fjallaði um bernskuminningar frá jólum í Vestmannaeyjum og sagði léttar og skoplegar sögur úr starfi sínu. Það mættu um 40 félagsmenn á viðburðinn og þar sem veitingarstaðurinn Pure Deli er staðsettur á safninu, nýttu

margir sér tækifærið og snæddu hádegisverð á meðan á hugvekjunni stóð. Óhætt er að segja að þetta hafi verið létt og skemmtileg samverustund í jólamánuðinum.

## **11. febrúar. Heimsókn í Barnaverndarstofu**

Í byrjun febrúar var fyrsti viðburður á vegum fræðslunefndar FNS þetta árið haldin þar sem boðið var upp á heimsókn í Barnaverndarstofu. Páll Ólafsson félagsráðgjafi tók á móti hópnum sem samanstóð af tíu félagsmönnum sem hlustuðu á fyrirlestur Páls sem bar heitið *Barnaverndarlög og tilkynningarskylda*. Farið var yfir starfsemi og verkferla Barnaverndarstofu, markmið barnaverndarlaga, tilkynningarskyldu, samstarf við barnaverndaryfirvöld og tölfræðilegar upplýsingar. Auk þess sem rætt var um ýmis stuðningsúrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Ráðgjafarnir sem mættu á viðburðinn eru flestir starfandi í grunnskólum og höfðu margar spurningar til Páls varðandi tilkynningarskyldu o.fl. Því skapaðist fróðleg umræða og virtist áhugi vera mikill fyrir umfjöllunarefninu.

## **5. apríl. Heimsókn í Keili**

Í byrjun apríl stóð fræðslunefnd FNS fyrir heimsókn í Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Keilir sendi rútu eftir félagsmönnum sem stoppaði á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðin. Hjálmar Árnason framkvæmdastjóri Keilis kom inn í rútna í Reykjanesbæ og fræddi okkur um svæðið og sögu þess á meðan keyrt var að Ásbrú. Byrjað var á stuttri heimsókn í fyrirtækinu geoSilica sem staðsett er á Ásbrú. GeoSilica er sprotafyrirtæki sem hannar og þróar vörur sem innihalda kísilsteinefni. Fita Abu Libdeh framkvæmdarstýra geoSilica tók á móti okkur, en hún er fyrrum nemandi í Keili, bæði í Háskólabró og orku- og umhverfistæknifræði. Hún sagði okkur frá sínum náms- og starfsferli og bauð svo upp á smakk á nokkrum af vörutegundum geoSilica.

Þá tók við kynning í Keili, þar tóku náms- og starfsráðgjafar og annað starfsfólk vel á móti hópnum. Gestum var skipt í nokkur lið og farið í ratleik þar sem þátttakendur fengu ýmsar upplýsingar um námið og námsaðstöðu í Keili og boðið var svo upp á léttar veitingar í lokinn. Þetta var skemmtileg og vel heppnuð heimsókn í Keili, en rúmlega 30 félagsmenn mættu.

## **22. maí. Heimsókn í KVAN**

Síðasti viðburður fræðslunefndar á tímabilinu verður heimsókn í KVAN. KVAN býður upp á fyrirlestra og námskeið fyrir unglinga, ungt fólk, fullorðna og fyrirtæki. Tilgangur þeirra er að hjálpa einstaklingum að byggja upp sjálfstraust og sjálfsmynd sína og efla hæfni og styrkleika einstaklinga. KVAN vill styrkja fólk til að ná að virkja það sem í þeim býr og veita þeim aðgengi að styrkleikum sínum. Það má segja að tilgangur heimsóknarinnar í KVAN sé tvíþættur; að kynnast því starfi sem þar er unnið og um leið fá innblástur um hvernig við sem fagmenn getum nýtt styrkleika okkar betur í því mikilvæga starfi sem við vinnum.

## 4. Starfshópur um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf

Fyrir ári síðan var stofnaður starfshópur um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf innan FNS. Undirrituð fer fyrir hópnum en í honum starfa Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Helga Tryggvadóttir, Kolbrún Vilhjálmisdóttir og Sigríður María Tómasdóttir.

Frá því skýrslan *Grunnur að stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf* var birt á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins árið 2015 hefur verið reynt að þrýsta á stjórnvöld að halda áfram með stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Félag náms- og starfsráðgjafa hefur ítrekað boðið fram krafta sína og sérþekkingu í tengslum við stefnumótunina en því miður hefur það lítið borið árangur. Ákveðið var því að stofna hóp innan FNS sem hefur það verkefni að vinna áfram með skýrsluna og halda áfram að þrýsta á stjórnvöld með það markmið að leiða stefnumótunina til lykta.

Hópurinn fundaði í hverjum mánuði síðastliðinn vetur. Fundirnir hafa m.a verið nýttir til að kortleggja mikilvægustu atriði sem koma að stefnumótun náms- og starfsráðgjafar, reynt að finna leiðir til að vekja athygli á skýrslunni og mynduð hafa verið tengsl við hagsmunaaðila. Fundað hefur verið með formanni KÍ þar sem greint var frá vilja um samstarf og nú í apríl fundaði hópurinn með sérfræðingum úr mennta- og menningarmálaráðuneyti. Ekki hefur enn tekist að fá fund með núverandi menntamálaráðherra en við gefum okkar góðar vonir um að komast á fund með honum fljótlega.

Eftirfarandi atriði telur starfshópurinn vera mikilvægust úr stefnumótunarskýrslunni og leggjum við sérstaka áherslu á þau í samtölum okkar við stjórnvöld:

- Brotthvarf er vandamál í íslensku skólakerfi, samkvæmt tölum frá OECD hefur það verið um 30% sem er mun hærra en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Samkvæmt [niðurstöðum](#) rannsókna er náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðsla liður í því að lækka þessa tölu.
- Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla á að búa nemendur undir frekara nám með markvissri náms- og starfsfræðslu en samkvæmt rannsóknum hér á landi fær minnihluti nemenda slíka fræðslu. FNS vill sjá náms- og starfsfræðslu skilgreinda sem námsgrein í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla líkt og í [Noregi](#). Náms- og starfsfræðsla ætti að vera fléttuð inn í kennslu frá grunnskóla til framhaldsskóla, á vettvangi framhaldsfræðslu og í ráðgjöf til háskólanema og atvinnuleitenda.
- Þjónusta náms- og starfsráðgjafar ætti að vera aðgengileg öllum sem á þurfa að halda í formi upplýsingaveitu um nám og störf auk rafrænnar ráðgjafar. Ráðgjöfin ætti að vera sniðin að þörfum einstaklinga, óháð búsetu og þörfum sjá t.d. <https://naestaskref.is/>.
- Náms- og starfsráðgjöf er lögbundin þjónusta sem styður jafnt við stöðuga náms- og starfsþróun einstaklinga frá upphafi skólagöngu út starfsævina. Samfella er í þjónustunni sem veitt er þvert á skólastig og atvinnulífið. Í lögum er kveðið á um margvíslega þjónustu náms- og starfsráðgjafa á [grunn-](#) og [framhaldsskólastigi](#), í tengslum við [framhaldsfræðslu](#) sem og [atvinnumissi og atvinnuleit](#).



F.h. starfshóps FNS

Ingibjörg Kristinsdóttir, formaður starfshóps stefnumótunar FNS

## 5. Greinargerðir fagraða

Hlutverk fagraða er að vera stjórn félagsins til ráðgjafar um fagleg málefni og störf náms- og starfsráðgjafa á skólastigunum þremur, í fyrirtækjum og atvinnumiðlunum. Ásamt því að vera samráðsvettvangur náms- og starfsráðgjafa á hverjum vettvangi.

### Fagrað grunnskóla.

Markmið fagraðs grunnskóla þetta árið var að hafa starfsdag fyrir alla náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Hugmyndina átti Iðunn Kjartansdóttir náms- og starfsráðgjafi í Norðlingaholtsskóla. Fulltrúar FNS í fagraði grunnskóla Kristín Hrefna Leifsdóttir, Fríða Hrönn Halldórsdóttir (í fæðingarorlofi) og Hildur Ingólfssdóttir ásamt Iðunni Kjartansdóttur funduðu stíft á haustmánuðum og útbjuggu dagskrá fyrir starfsdaginn. Komin var dagskrá fyrir heilan dag með fólki sem var tilbúið til að gefa vinnu sína fyrir sína kollega. Í fyrstu var stefnt að því að hafa daginn að hausti en það gekk ekki upp af ýmsum ástæðum. Þá var gerð könnun meðal náms- og starfsráðgjafa varðandi hvaða tími hentaði best úr því sem komið var og ákveðið að tengja daginn við Dag náms- og starfsráðgjafa það er mánudaginn 12. október. Þegar nær dróg þótti þessi dagsetning ekki hentug þar sem hún gæti dregið úr áhuga á Degi náms- og starfsráðgjafa og því var hætt við. Sérstakar þakkir til Iðunnar Kjartansdóttur sem átti hugmyndina að þessum degi og lagði mikla vinnu í undirbúning.

Úr því sem komið er leggja fráfarandi aðilar fagraðs grunnskóla til að stefnt verði að þessum starfsdegi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum að hausti, jafnvel á undirbúningsdögum grunnskóla sem myndi létta mikið undir húsnæðisvandanum. Drög að dagskrá eru tilbúin og teljum við að hægt ætti að vera að ganga frá flestum atriðum nú á vordögum svo allt sé tilbúið í ágúst.

F.h. fagraðs grunnskóla, Hildur Ingólfssdóttir.

### Fagrað framhaldsskóla.

Þann 14. febrúar hittust náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum í Borgarholtsskóla. Alls mættu á fundinn 14 ráðgjafar. Tekið var á mótí hópnum og gengið um skólann þar sem ráðgjafar fengu að sjá aðstöðu nemenda í verknámi, bóknámi og listnámi. Um óformlegan fund var að ræða en þó brunnu tvö mál á hópnum, annarsvegar bókun 8 og hinsvegar GoPro skjalaskráningarkerfið.

Byrjað var að fjalla um GoPro og ljóst að nokkrir skólar byrja núna að taka það upp í kjölfar nýju persónuverndarlaganna sem sett voru 2018. Umræðan snérist að mestu um

persónuvernd, skráningu og aðgengi í slíku kerfi. Enginn skóli var byrjaður að nota kerfið en um þessar mundir eru námskeið og kynningar innan skólanna. Næst var tekin fyrir umræða um Bókun 8 í kjarasamningi, en samkvæmt henni áttu náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskólum að fá álagsgreiðslu frá 1. ágúst 2018. Töf hefur verið á þessari greiðslu þar sem menntamálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu ber ekki saman hvernig eigi að úthluta peningunum (12 milljónum). Fundurinn tók saman ályktun um þetta til að senda Björgu Pétursdóttur hjá fjármálaráðuneytinu.

Einnig kom til umræðu að launaþróun náms- og starfsráðgjafa á undanförunum árum hefur dregist afturúr og ekki haldið í við aðila innan FF en það eru upplýsingar sem ein fundarkvenna fékk frá Oddi, hagfræðingi KÍ. Mikil ánægja var með fundinn og talað um það að við þyrftum að hittast oftar því mikilvægt væri að ræða málin í litlum hópi með sameiginlega reynslu í starfi.

## **Fagråd atvinnulífs**

Fagråd náms- og starfsráðgjafa í atvinnulífinu stóð fyrir kynningu fimmtudaginn 11. apríl 2019 í húsnæði VIRK, Guðrúnartúni 1. Þar mættu um það bil 20 náms- og starfsráðgjafar til að fræðast og ekki síður til að hittast og kynast. Í byrjun kynnti Eysteinn Eyjólfsson starfsemi Virk í máli og myndum. Síðan komu þær Ingibjörg Loftsdóttir sviðstjóri og Líney Árnadóttir sérfræðingur og kynntu fyrir okkur forvarnarverkerfnið *Er brjáláð að gera* sem fjallar um það að koma á jafnvægi í vinnu og einkalífi. Þær kynntu einnig síðuna [velvirk.is](http://velvirk.is) og deildu með okkur hagnýtum ráðum og upplýsingum sem gagnast okkur bæði í vinnu og einkalífi. Að kynningum loknum var haldið á Bjórgarðinn þar sem nokkrir félagsmenn spjölluðu um lífið, tilveruna og starfið. Svona fundir og ekki síður spjallið er gífurlega mikilvægt að okkar mati til að efla okkur og styrkja sem sérfræðinga í náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu.

## **6. Greinargerð siðanefndar**

Á aðalfundi Félags náms- og starfsráðgjafa árið 2007 voru nýjar siðareglur kynntar og þar sagt að siðareglum Félags náms- og starfsráðgjafa væri ætlað að efla fagvitund náms- og starfsráðgjafa og stuðla að fagmennsku í starfi með hagsmuni ráðþega í fyrirrúmi. Tilgangur þeirra er að vísa náms- og starfsráðgjöfum leið í starfi, veita almenningi upplýsingar um vinnubrögð og fagmennsku náms- og starfsráðgjafa og vera undirstaða sjálfsmats innan faghópsins.

Samkvæmt 12. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa (FNS) skal siðanefnd jafnan starfrækt í félaginu. Hlutverk hennar er að stýra umræðu um siðareglur og siðferðileg álitamál innan náms- og starfsráðgjafar. Á þeim þrettán árum sem hafa liðið frá því að siðareglur félagsins voru samþykktar hefur starfsvettvangur fagstéttarinnar breyst ásamt því að viðfangsefni og þær áskoranir sem einstaklingar mæta hafa tekið á sig breytta mynd í takt við örar

tæknibreytingar, síbreytilegan vinnumarkað og breytingum í samskiptum og samfélagsmynstri. Á sama tíma hefur fjölgað í fagstétt náms- og starfsráðgjafa og þeir um leið tekist á við nýjar áskoranir í starfi

Helstu starfsvettvangar náms- og starfsráðgjafa á Íslandi eru grunnskólar, framhaldsskólar, háskólar, sí- og endurmenntunarstöðvar, vinnumiðlanir og starfsendurhæfingarstöðvar. Það síðast talda er nýjast. Það má vera ljóst að ráðþegahópar náms- og starfsráðgjafar hafa mismunandi þarfir og glíma við ólík viðfangsefni ásamt því að ráðgjöf með þeim rammast inn af mismunandi lagabókstaf. Í ljósi samfélagslegrar þróunar og þess tíma sem er liðinn frá því að siðareglur FNS komu fyrst fram er ljóst að þurfi að endurskoða siðareglur fagstéttarinnar.

Siðanefnd 2018-2019 vill benda á að gagnlegt væri að skoða siðareglur annarra erlendra fagfélaga og samtaka sem hafa endurskoðað siðareglur sínar ásamt því að horfa til nýrra áskorana og tækifæra í ráðgjöf að teknu tilliti til upplýsinga- og samskiptatækni og nýrra samskiptaleiða.

National Career Development Association (NCDA) í Bandaríkjunum endurskoðaði siðareglur sínar árið 2015 og er með sérstakan kafla sem fjallar um notkun upplýsingatækni og rafrænna miðla í ráðgjöf ásamt þátt samfélagsmiðla (<https://ncda.org/aws/NCDA/pt/sp/guidelines>).

Siðaviðmið (e. Ethical standards) hjá International Association for Educational and Vocational Guidance (IAEVG) fjalla um í greinum 6 og 7 ræða um val á tæknilegum lausnum og hvað þurfi að hafa í huga í ljósi þarfa ráðþega (<http://iaevg.net/iaevg.org/IAEVG/nave1ba.html>)

Hér eru atriði sem siðanefnd FNS 2018-2019 telur að þurfi að taka til gagngerar endurskoðunar og leggur til að siðanefnd FNS 2019 - 2020 taki til umfjöllunar í samstarfi og samráði við fagstéttina.

- Skoði á hvern hátt siðareglur leiði að grunni að færniþiðmiðum í starfi (e. competences).
- Meðhöndlum persónulegra upplýsinga samanber nýju persónuverndarlög.
  - Mikilvægt er fyrir náms- og starfsráðgjafa að ræða á hvern hátt persónuverndarlögin geti og hafi áhrif á störf þeirra og ekki síður á vinnu með ráðþegum og hag þeirra.
  - Siðanefnd 2018-2019 leggur til að horft skuli sérstaklega til 4., 7., 8. og 9. greinar undir köflunum *Ráðgjafarsamband* og *Fagleg ábyrgð*. Þarft er að skoða meðhöndlun og geymslu trúnaðargagna og hvaða verklag eru almennt í gildi við meðhöndlun slíkra gagna. Taka þarf tillit til mismunandi starfsaðstæðna og starfsvettvanga eins og grunnskóli, framhaldsskóli, háskóli, vinnumiðlun, sí- og endurmenntunarstöðvar auk endurhæfingar.

Hægt er að horfa til eftirfarandi til viðmiðunar við slíka vinnu:

<https://www.personuvernd.is/einstaklingar/fraedsluaefni/>

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/utanrikisraduneyti/nr/18405>

- Rafrænir/stafrænir miðlar, samfélagsmiðlar og upplýsinga- og samskiptatækni
  - Brýnt er að koma þessu hugtaki inn í siðareglur þannig að þær endurspegli innkomu upplýsinga- og samskiptatækni í náms- og starfsráðgjöf og geri skil á notkun þess í ráðgjöf og hvernig það höfðar til og hefur áhrif á ráðþega.
  - Hafa í huga að endurskoðaðar siðareglur verði áframhaldandi leiðarljós gagnvart skráningu staðla/verklags og færni staðla (e. standards / competence) í notkun á stafrænu efni og miðlum.
- Vísað er á efni frá NCDA: *Ethical use of social networking technologies in career services.*  
[https://ncda.org/aws/NCDA/asset\\_manager/get\\_file/110167](https://ncda.org/aws/NCDA/asset_manager/get_file/110167)
- Notkun mælitækja í náms- og starfsráðgjöf, áreiðanleiki þeirra og réttmæti.
  - Skerpa þarf á því í siðareglum hvernig náms- og starfsráðgjafar skuli standa að vali á mælitæki til notkunar í ráðgjöf. Við val á mælitæki þarf að hafa í huga hver tilgangurinn er, hvaða gagn ráðþegi hafi af slíku ásamt því að gæta ætíð að áreiðanleika og réttmæti þess. Með tilkomu rafrænna gagna hefur framboð á margbreytilegum mælitækjum aukist en jafnframt eykst sú krafa að náms- og starfsráðgjafar vandi valið og nýti sína faglegu þekkingu til þess.
- Umfjöllun um siðareglur og siðferðileg álitamál í meistararitgerðum í náms- og starfsráðgjöf.
  - Þó nokkuð margar meistararitgerðir í náms- og starfsráðgjöf taka til umfjöllunar eða vísa í siðareglur FNS ásamt því að fjalla um siðferðilega álitamál sem tengjast faginu. Mælt er til þess að næsta nefnd skoði þessar ritgerðir og nýti sem heimildir og vegvísa í komandi vinnu.

Siðanefnd 2018-2019 leggur til að fræðslunefnd 2019-2020 og siðanefnd 2019-2020 vinni saman næsta vetur að því að glæða umræðu meðal grasrótar fagstéttarinnar um siðferðileg álitamál og hvernig siðareglur FNS uppfylli hlutverk sitt.

Siðanefnd 2018-2019 vill leggja til við stjórn FNS 2019-2020 að í dagskrá Dags náms- og starfsráðgjafar 2019 verði fjallað um siðareglur félagsins í tengslum við þær áskoranir sem mæta náms- og starfsráðgjöfum í starfi. Hægt væri að efna til og þeir sem að vinna við sömu aðstæður samræmi vinnubrögð sín varðandi meðhöndlun og geymslu trúnaðargagna og vera með persónuverndarlög til hliðsjónar í þeirri vinnu.

Að lokum: endurskoðun siðareglna tekur tíma og gerist ekki í tómi. Það ferli gerist í lífandi umræðu á meðal félagsmanna. Það er von siðanefndar FNS 2018-2019 að þessar tillögur verði til þess að á næsta starfsári líti endurskoðaðar siðareglur Félags náms- og starfsráðgjafa dagsins ljós.

Fríða Hrönn Halldórsdóttir

Hildur Ingólfssdóttir

Jónína Kárdal

## 7. Norrænt samstarf

NFSY eða Nordiska förbundet för studie- och yrkesvägledning eru regnhlífasamtök allra samtaka náms- og starfsráðgjafa á Norðurlöndunum. Með aðild að NFSY eiga landssamtök Norðurlandanna greiðan aðgang að alþjóðasamtökum náms- og starfsráðgjafa, IAEVG eða International Association for Educational and Vocational Guidance.

Á hverju ári er haldin alþjóðleg ráðstefna á vegum IAEVG. Að þessu sinni skipulagði FNS hópferð á ráðstefnuna sem haldin var í Gautaborg dagana 2.-4. október 2018. Þema ráðstefnunnar var A Need for Change og var áhersla lögð á breytingar á hinum ýmsu skólastigum auk atvinnulífsins. Aðalfyrirlesarar voru Mary McMahon, Nancy Arthur, Roberta Neault, Jenny Bimrose, Jim P. Sampson, Mats Trondman og Andreas Fejes. Auk þeirra var fjöldinn allur af málstofum og vinnustofum sem ráðstefnugestum gafst tækifæri til að taka þátt í. Stór hópur félagsmanna FNS tók þátt í ráðstefnunni og að mati þeirra og stjórnar NFSY var ráðstefnan vel heppnuð og óhætt að hrósa Svíunum fyrir frábært skipulag og utanumhald. Næsta ráðstefna verður haldin í Bratislava dagana 11.-13. september 2019. Þar mun FNS eiga fulltrúa þó ekki hafi verið ákveðið að skipuleggja hópferð að þessu sinni.

Ísland hefur haft formennsku í samtökunum frá apríl 2017 og lýkur formennskutímabilinu í apríl 2020. Margrét Björk Arnardóttir er formaður samtakanna og Elísabet Pétursdóttir er gjaldkeri þeirra. Í stjórninni sitja fulltrúar frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, tveir frá hverju landi en auk þess hefur verið unnið ötullega að því að fá fulltrúa frá Grænlandi, Álandi og Færeyjum til að taka þátt. Til að halda utan um þau verkefni sem fylgja formennskunni er starfandi nefnd um norrænt samstarf en í þeirri nefnd starfa auk Margrétar og Elísabetar þau Ingibjörg Bragadóttir ritari, Ásthildur Guðlaugsdóttir, Dagný Broddadóttir og Ketill Jósefsson. Hlutverk nefndarinnar er að halda utan um fundi NFSY á Íslandi og taka virkan þátt í þeim.

Heimasíða NFSY hefur tekið breytingum og enn er unnið að því að uppfæra hana með þeim upplýsingum sem taldar eru höfða til félagsmanna. Ákveðið var að á síðunni yrðu upplýsingar um tengiliði hvers lands sem öllum félagsmönnum er frjálst að setja sig í samband við ef óskað er eftir einhvers konar tengslum en einnig verða á síðunni upplýsingar um ráðstefnur sem félögin á Norðurlöndunum og IAEVG halda.

Stjórn NFSY hefur unnið að verklagsreglum fyrir stjórnina. Ætlunin er að skerpa á þeim ferlum sem unnið er eftir t.d. varðandi fundi, fjármál og stjórnarskipti. Á aðalfundi 2019 voru reglurnar teknar fyrir og samþykktar en gera þarf lagabreytingar á aðalfundi 2020 til að þær taki gildi. Stjórn NFSY hefur einnig unnið að frekara samstarfi við NVL, Nordisk Netværk for Voksnes

Læring. Haldinn var einn fundur á árinu og er ætlunin að áfram verður unnið að frekara samstarfi.

Á stjórnarfundum NFSY er hefð fyrir því að fulltrúar landanna segi frá því helsta sem er í deigluinni í hverju landi fyrir sig, segi frá ráðstefnum og samstarfsaðilum og kynnist fyrirtækjum og stofnunum sem sinna náms- og starfsráðgjöf í því landi þar sem fundurinn er haldinn. Að þessu sinni bauð Tækniskólinn stjórn NFSY í heimsókn þar sem starfsemin var kynnt, skólinn skoðaður og boðið upp á veitingar og spjall. Stjórn NFSY lýsti yfir mikilli ánægju með heimsóknina.

Á Degi náms- og starfsráðgjafa haustið 2018 fékk formaður NFSY tækifæri til að kynna samtökin fyrir ráðstefnugestum og er óhætt að segja að það er aldrei of oft sagt hversu mikilvægt það er fyrir okkar félag að vera í tengslum við önnur félög á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi. Ég vil nota tækifærið og hvetja félagsmenn FNS til að nýta sér þau tengsl sem þegar hafa skapast til þess að fara í heimsóknir eða bjóða í heimsóknir náms- og starfsráðgjöfum frá öðrum löndum. Á heimasíðu NFSY [www.nfsy.org](http://www.nfsy.org) er að finna nöfn og netföng tengiliða sem óhætt er að hafa samband við en eins er velkomið að hafa samband við íslensku fulltrúa stjórnarinnar sem aðstoða gjarnan við tengslamyndun.

Fyrir hönd stjórnar NFSY og nefndar um norrænt samstarf

Margrét Björk Arnardóttir

## 8. Upplýsinga- og kynninganefnd

Upplýsinga- og kynningarnefnd FNS stóð fyrir prentun veggspjalda sem gerð voru úr kynningarefninu sem búið var til haustið 2017. Veggspjöldin voru afhent félagsmönnum á Degi náms- og starfsráðgjafar.

Á vorönn var farið í að gera lítil minnisspjöld með hvatningarorðum sem afhent voru gestum og gangandi á sýningunni Mín framtíð í Laugardalshöll. Ennfremur var búin til ný gardína fyrir félagið.

FNS hefur reynt að vera sýnilegt á samfélagsmiðlum eins og Facebook, Instagram og aðeins á Snapchat. Þar má alltaf gera betur. Helstu upplýsingar til félagsmanna er varða störf þeirra eru settar inn á heimasíðu félagsins, [www.fns.is](http://www.fns.is). Inni á heimasíðunni eru einnig settar inn upplýsingar reglulega um t.d. viðburði sem tengjast náms- og starfsráðgjöf, náms- og starfsráðgjafa með leyfisbréf, linkar á lokaverkefni náms- og starfsráðgjafa, fundargerðir og fréttir. Á heimasíðunni er einnig allt kynningarefni aðgengilegt félagsmönnum.

## 9. Félagatal og félagsaðild

Samkvæmt lögum félagsins geta þeir verið félagsmenn sem hafa hlotið löggildingu á starfsheitinu náms- og starfsráðgjafi. Einnig segir að ef félagsgjöld eru ekki greidd falli viðkomandi út af félagaskrá.

Þar sem FNS er aðildarfélag að KÍ og á þar rétt á ýmiskonar þjónustu var ákveðið að færa félagtalið í umsýslu hjá KÍ. Þetta var m.a. gert vegna þess að þegar sótt er um styrki til KÍ þarf að fylgja fjöldi félagsmanna innan KÍ, en þar sem uppfærsla félagatals sem inniheldur t.d. starfsvettvang félagsmanna hefur verið erfitt að fylgja eftir þótti þetta leið sem vert væri að fara.

Á líðandi starfsári voru 16 félagsmenn ný skráðir á félagatal. Félagsgjöld greiddu 233 sem teljast þá félagsmenn, en á félagatali eru alls 322. Það er því ósamræmi milli félagatalsins og þeirra sem greiða félagsgjöld og er eitt af verkefnum stjórnar næsta ár að fá botn í málið og fjalla í víðara samhengi um hvað félagatal á að innihalda.

Við ítrekum að á aðalfundi 2015 var samþykkt með lagabreytingu að framvegis yrðu einungis teknir inn nýir félagsmenn sem skiluðu inn leyfisbréfi undirrituðu af mennta- og menningarmálaráðherra í viðhengi með aðildarumsókn. Var þetta gert til að einfalda inntökufærlið og til að auka áreiðanleika félagatalsins þar sem tryggt væri að staðið yrði vörð um löggildingu starfsheitisins. Stjórn FNS hefur birt á heimasíðu FNS yfirlit yfir þá félagsmenn sem eru með leyfisbréf til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Enn eru einhverjir félagar sem ekki hafa sótt um leyfisbréf og eru þeir hvattir til að gera það. Haldið er utan um félagatalið á lokuðu svæði, umsjónarmaður félagatals sér um að uppfæra upplýsingar á póstlista. Mikilvægt er að félagatal og póstlisti séu samræmd og að upplýsingar um félagsmenn séu réttar. Það er því mikilvægt að tilkynna félaginu um breytingar á starfsstöð, netfangi og öðrum upplýsingum. Hagræði réttra skráninga felst í því að upplýsingar um fjölda félagsmanna og dreifingu starfa í atvinnulífinu er til staðar ár frá ári.

## 10. Fjárreiður og félagsgjöld

Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2018 er byggður á bókhaldi þess. Tekjur af félagsgjöldum voru 1.332.700 krónur og lækkuðu um 97.113 krónur frá árinu áður. Tekjur vegna styrkja hækkuðu um 420.000 kr. Hagnaður af rekstri félagsins nam 906.360. Ræður þar að mestu tekjur vegna Dags náms- og starfsráðgjafar. Kostnaður jókst hins vegar í tengslum við viðburðinn en launagjöld lækkuðu. Sjá nánar í sérriti um ársreikninga félagsins.

## 11. Önnur verkefni

Stjórn FNS hefur jafnframt komið að mörgum verkefnum í samstarfi við ýmsa aðila. Hér má t.d. nefna:

- a) Bréf sent á skólastjórnendur í grunn- og framhaldsskólum þar sem minnt er á lögboðna náms- og starfsfræðslu og lög um náms- og starfsráðgjafa. Undir bréfið skrifuðu formaður FNS, Þorgerður Diðriksdóttir formaður Félags grunnskólakennara og Guðríður Arnardóttir formaður Félags framhaldsskólakennara.
- b) Staðið vörð um störf náms- og starfsráðgjafa með því að senda ítrekun í formi sama bréfs og í liðnum hér að ofan á skóla þar sem berast ábendingar um að einstaklingar án leyfisbréfs eða menntunar í náms- og starfsráðgjöf starfi.
- c) Skipun fulltrúa í matsnefnd náms- og starfsráðgjafa.
- d) Svanhildur Svavarsdóttir situr í skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara fyrir hönd FNS.
- e) Sumarnámskeið sem fagrað framhaldsskólanna skipulagið síðasta sumar þar sem Sólveig Ásgrímsdóttir fjallaði um ADHD.
- f) Samstarf við Endurmenntun HÍ um fræðslukönnun náms- og starfsráðgjafa 2018
- g) Samtarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar. Gott samstarf hefur verið í gegnum tíðina á milli FNS og verkefnisstjóra Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafar, Dóru Stefánsdóttur. Evrópumíðstöðin hefur stutt við bakið á félaginu og kunnum við henni bestu þakkir. Þetta árið styrkti Evrópumíðstöðin Dag náms- og starfsráðgjafar.
- h) Samstarf við vinnuumhverfisnefnd KÍ. Svanhildur Svavarsdóttir og Systa Sigurðardóttir unnu gátlista um vinnuumhverfi náms- og starfsráðgjafa. Gátlistinn er hér <http://ki.is/um-ki/um-ki/nefndir-og-rad/vinnuumhverfisnefnd-stj%C3%B3rn#verkefni-vinnuumhverfisnefndar>
- i) Þátttaka í morgunverðarfundum Samorku þar sem Hildur Katrín Rafnsdóttir tók þátt í pallborðsumræðum.

## 12. Lokaorð

Eins og sjá má í þessari skýrslu hefur starfsemi félagsins verið nokkuð viðamikil og margir komið að verki. Fræðslunefnd stóð fyrir sex viðbuðum þar sem dagskrá Dags náms- og starfsráðgjafar var viðamest. Siðanefndin fjallaði um siðareglurnar og frá þeim liggur greinargerð sem er góð uppskrift af komandi starfi. Upplýsinga og kynningarnefnd minnti á og endurhannaði kynningarefni og minnti á félagið rafrænt. Starfshópur um stefnumótun lagði á ráðin og mótaði sína stefnu. Nefnd um norrænt samstarf vann heilmikið starf þar sem FNS fer með formennsku í norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafar og fagraðin stóðu fyrir fjölbreyttum viðburðum af ýmsu tagi. Nefndirnar eru hryggjarstykkið í félaginu og stjórnin hefur svo yfirumsjón með starfsemi og fjármálum. Þetta er FNS. Fólkið sem starfar í félaginu



og félagsmenn sem mæta á viðburði, láta heyra í sér og taka þátt og kann stjórn FNS félagsmönnum kærar þakkir fyrir samstarf og samveru.

Félagið er öflugt og að starfinu kemur hugmyndaríkt fólk. Það sést t.d. á því að nefndir hafa sent frá sér tillögur að starfsemi á næsta starfsári. Auk þess hefur stjórnin sett niður fyrir sig ýmis mál sem hún hefur áhuga á að setja á dagskrá næsta ár. Þar má nefna öflugri kynningu á félaginu, m.a. til náms- og starfsráðgjafa sem ekki hafa tekið þátt í starfsemi félagsins. Auk þess stendur til að setja upp tímalínu og leiðbeiningar um starfsemina, eða það sem má kalla fasta liði, til þess að auðvelda stjórnnum og nefndum lífið og gæta þess að ekkert falli milli báts og bryggju. Einnig er mikilvægt verkefni að huga að félagatalinu og fara að lögum FNS hvað varðar félagsaðild.

Reykjavík, 3. maí 2019

f.h. stjórnar FNS

Helga Tryggvadóttir, formaður